

Sp.

746. Skýrsla

[400. mál]

fjármálaráðherra um ríkisfjármál og framkvæmd lánsfjáráætlunar 1987.

(Lögð fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. Afkoma ríkissjóðs, yfirlit

Tilgangur þessarar skýrslu er tvíþættur. Annars vegar að draga fram meginþætti ríkisfjármálanna á árinu 1987 samkvæmt niðurstöðutölum Ríkisbókhalds um afkomu ríkissjóðs á greiðslugrunni. Hins vegar að sýna framkvæmd lánsfjáráætlunar 1987 í ljósi bráðabirgðatalna um lántökur opinberra aðila, lánastofnana og atvinnufyrirtækja.

Árið 1987 einkenndist af miklum halla á ríkissjóði. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1987 var gert ráð fyrir 2.843 m.kr. halla á ríkissjóði og lánsfjárbörf að upphæð 6.073 m.kr. Þegar núverandi ríkisstjórn tók við völdum var ljóst að þróunin var mjög á verri veg og var áætlað að halli á ríkissjóði gæti numið 3.500–4.000 m.kr. ef ekkert væri að gert. Þegar í upphafi starfsdaga sinna greip ný ríkisstjórn til margháttaðra aðgerða svo sem að fækka undanþágum frá söluskatti og leggja sérstakan 10% söluskatt á ýmis matvæli og þjónustu. Áætlað var að þessar aðgerðir lækkuðu tekjuhalla ríkissjóðs í um 2.700 m.kr. á árinu 1987. Aðgerðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum var fylgt eftir með frekari ráðstöfunum á sviði peninga- og lánamála.

Í þessari skýrslu verður lögð áhersla á að sýna og skýra niðurstöðutölur 1987 í samanburði við áætlanir fyrir það ár. Niðurstöðutölur Ríkisbókhalds lágu fyrir í byrjun febrúar og byggist það uppgjör í meginráttum á greiðslugrunni. Endanlegur ríkisreikningur, sem byggist á rekstrargrunni, verður frábrugðinn meðal annars að því leyti að þar er tekið tillit til óinntra uppgjöra í árslok. Hins vegar eru fjárlög ávallt á greiðslugrunni og gefur samanburður þeirra við niðurstöður reiknings á sama grundvelli því raunhæfa viðmiðun.

Niðurstöður um afkomu ríkissjóðs á árinu 1987 sýna verulegan rekstrar- og greiðsluhalla. Yfirlitið hér að neðan sýnir áætlun um afkomuna samanborið við niðurstöður ársins (m.kr.):

Yfirlit I

Heildaryfirlit um afkomu ríkissjóðs 1987

	Fjárlög 1987	Endurskoðuð áætlun í októ- ber 1987	Útkoma 1987
1. Tekjur	43.029	47.600	48.963
2. Gjöld	45.872	49.900	51.688
3. Tekjuafgangur/halli (1–2)	–2.843	–2.300	–2.725
4. Lánahreyfingar, nettó (Seðlabanki meðtalinn)	3.220	2.846	3.829
5. Viðskiptareikningar, nettó	–300	–723	–1.824
6. Greiðsluafgangur/halli (3+4+5)	77	–177	–720

Heimild: Ríkisbókhald, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Frávik milli fjárlaga og útkomu 1987 eru ekki veruleg. Við þann samanburð þarf að hafa í huga þær aðgerðir sem gripið var til þegar ný ríkisstjórn tók við á sl. sumri. Tekið er tillit til þeirra í endurskoðaðri áætlun í október 1987. Mismunur áætlunar og útkomu ársins er meiri eða 425 m.kr. Niðurstöðutölur um afkomu ríkissjóðs á árinu 1987 sýna 2.725 m.kr. tekjuhalla. Sem hlutfall af vergri landsframleiðslu er hallinn 1987 1,3% samanborið við 1,2% 1986 og 2,0% árið 1985.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs gagnvart bankakerfi og Seðlabanka gefur einnig ákveðna vísbendingu um efnahagsleg áhrif ríkisfjármálanna á hagkerfið. Eftirfarandi yfirlit sýnir greiðsluafkomuna á árinu 1987 (m.kr.):

Yfirlit II Greiðsluafkoma ríkissjóðs 1987

	Fjárlög 1987	Endurskoðuð áætlun í októ- ber 1987	Útkoma 1987
6. Greiðsluafgangur/halli	77	-177	-720
7. Afborganir af lánum í Seðlabanka	0	0	60 ¹⁾
8. – Lántaka í Seðlabanka	0	-864	-892 ¹⁾
9. Greiðsluhreyfing gagnvart bankakerfinu (6+7+8)	77	-1.041	-1.552
10. – Hreyfing bankareikninga utan Seðlabanka	-	-	-402
11. Greiðsluhreyfing við Seðlabanka (9+10)	77	-1.041	-1.954

1) Jafnframt yfirtók Seðlabanki kröfur þriðja aðila á ríkissjóð að fjárhæð 146 m.kr. og greiddi ríkissjóður 24 m.kr. í afborganir af þeim á árinu 1987.

Heimild: Ríkisbókhald, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

2. Ríkisfjármál

Ríkisfjármálin tóku verulegum breytingum á miðju ári 1987 eins og vikið var að hér að framan. Tekjuhalla ríkissjóðs stefndi í 3.500–4.000 m.kr. við stjórnarskiptin. Til þess að hamla gegn aukinni verðbólgu og viðskiptahalla og koma á betra samræmi milli þjóðarútgjalda og þjóðartekna greip ríkisstjórnin þegar í upphafi til margháttaðra aðgerða með setningu bráðabirgðalaga sem fólust m.a. í eftirfarandi:

- Undanþágum frá söluskatti var fækkað og lagður var á sérstakur 10% söluskattur á ýmis matvæli og þjónustu.
- Lagt var á sérstakt bifreiðagjald.
- Viðbótarskattur var lagður á innflutt kjarnfóður.
- Ríkisábyrgðargjald var hækkað og lagt lántökugjald á erlendar lántökur.
- Hækkun lífeyrisgreiðslna og barnabótaauka.

Áætlað var að aðgerðir þessar skiluðu ríkissjóði rúmum milljarði króna til ársloka 1987. Á móti var gripið til aðgerða til að jafna tekjur með því að hækka lífeyrisgreiðslur og barnabótaauka. Þessum aðgerðum var fylgt eftir með aðgerðum í peninga- og lánamálum. Vextir á spariskírteinum ríkissjóðs voru hækkaðir. Þá var ákveðið að leggja endurgreiddan uppsafnaðan söluskatt til sjávarútvegs inn á bundna reikninga í stað þess að veita því fjármagni út í hagkerfið.

Pótt þessar aðgerðir hafi styrkt stöðu ríkissjóðs verulega var ljóst er kom fram á haust að þær væru ónógar til að halda aftur af þjóðarútgjöldum og efla sparnað. Því voru ákveðnar frekari aðgerðir á tekjuhlíð í nóvember, sem hér segir:

- Innflutningsgjald af bílum var hækkað.
- Verð á áfengi og tóbaki var hækkað um 8%.

Auk þessa var gripið til ýmissa aðgerða á sviði peninga- og lánsfjármála til að auka innlandan sparnað. Með þessum aðgerðum var þess vænst að tekjuhalli ríkissjóðs nædist niður í 2.300 m.kr.

Nokkur frávik urðu í þróun verðlagsmála á árinu frá því sem áætlað var í fjárlögum. Þetta er sýnt í yfirliti III. Hafa þarf þessi frávik í huga við samanburð á áætlun og útkomu í ríkisfjármálum.

Kjarasamningar við opinbera starfsmenn voru gerðir í upphafi árs 1987 og var þar um nokkuð meiri hækkanir að ræða en fjárlög gerðu ráð fyrir. Í fjárlögum var áætlað að laun hækkuðu um 22% að meðaltali milli árána 1986 og 1987, en í reynd hækkuðu launagreiðslur um 40% að teknu tilliti til magnbreytinga. Við samþykkt fjárlaga var gert ráð fyrir að verðlag myndi hækka um 11% frá upphafi til loka ársins, en raunin varð að það hækkaði meira eða um rúm 20%.

Kjarasamningar og almenn verðlags- og gengisþróun eru hvort tveggja ávallt mjög móttandi um fjárhag ríkissjóðs. Frávik fjárlaga og útkomu bera því mjög merki. Að auki er ávallt um nokkur útgjöld að ræða vegna skuldbindinga sem ekki verða séðar fyrir við gerð fjárlaga.

Eftirfarandi yfirlit sýnir breytingar helstu vísitalna 1986—87 eins og þær urðu í raun samanborið við forsendur fjárlaga:

Yfirlit III Hækkun launa, verðlags og gengis 1986—1987

	Meðalhækkun milli ára Hækkun frá ársbyrjun til ársloka			
	Fjárlög 1987	Útkoma 1987	Fjárlög 1987	Útkoma 1987
1. Framfærsluvísitala	12,5	18,8	11,0	24,3
2. Byggingarvísitala	13,7	17,7	11,0	17,9
3. Lánskjaravísitala	12,8	18,1	11,0	22,8
4. Meðalverð erlends gjaldeyris	4,3	3,7	0,0	1,9

Heimild: Þjóðhagsstofnun, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Gróft áætlað þýðir 1% hækkun launa umfram forsendur fjárlaga um 250 m.kr. í útgjaldaauka. Skýrist sú hækkun af ýmsum útgjaldaliðum sem eru beint eða óbeint tengdir launaþróun. Auk beinna launagreiðslna má nefna í því sambandi útgjöld til lífeyris- og sjúkratrygginga. Jafnframt hafa almennar verðbreytingar umfram forsendur fjárlaga áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Á móti ber að hafa í huga að auknar launa-, verðlags- og veltubreytingar endurspeglast í auknum tekjum ríkissjóðs.

2.1 Tekjuhlíð ríkissjóðs

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1987 námu alls 48.963 m.kr. samanborið við 38.113 m.kr. á árinu 1986. Hækkun milli ára nemur rúmlega 28%. Samanborið við endurskoðaða áætlun frá því í október er það hækkun um 1.363 m.kr. Skýrist sá munur aðallega af auknum tekjum af sölugjaldi, aðflutningsgjöldum og öðrum óbeinum sköttum. Þá aukningu má einkum rekja til veltuaukningar innan lands og verðhækkana síðustu mánuði ársins. Þá benda bráðabirgðatölur einnig til þess að innheimtuhlutfall beinna skatta hafi hækkað örlítið á síðustu mánuðum ársins. Eftirfarandi yfirlit sýnir innheimtu helstu tekjustofna ríkissjóðs á árunum 1986 og 1987 (í m.kr.):

Yfirlit IV Innheimtar tekjur ríkissjóðs 1986 og 1987

	Í milljónum króna		
	Innheimt 1986	Innheimt 1987	Breyting %
1. Tekjuskattur	4.136	4.636	12,1
2. Eignarskattur	936	1.070	14,3
3. Tolltekjur	5.034	6.648	32,1
4. Veltuskattar	18.291	25.074	37,1
5. Skattar af launagreiðslum	2.653	3.553	33,9
6. Aðrar tekjur	7.063	7.982	13,0
7. Heildartekjur (1+ ... +6)	38.113	48.963	28,5

Heimild: Ríkisbókhald, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Með aðgerðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum sl. sumar voru gerðar umtalsverðar breytingar á tekjustofnum ríkissjóðs frá því sem lagt var til grundvallar í fjárlögum 1987. Vikið var að þessum aðgerðum hér að framan, en þær ásamt með öðru fólu í sér að áætlaðar tekjur ríkissjóðs á árinu 1987 hækkuðu úr 43.029 m.kr. í fjárlögum 1987 í 48.963 m.kr. Við endurskoðun áætlunar í október var þessi fjárhæð hækkuð í 47.600 m.kr.

Breytingar á einstökum tekjuhlíðum frá fjárlögum til endanlegrar útkomu eru mismunandi. Beinir skattar, þ.e. tekjuskattur og eignarskattur námu alls 5.707 m.kr. og hækkuðu aðeins um 12,5% milli ára. Álagning tekjuskatts reyndist 214 m.kr. lægri en gert var ráð fyrir í fjárlögum og það ásamt áformaðri lækkun beinna skatta skýrir lága hækkun milli ára. Hlutfall beinna skatta af heildartekjum varð 11,6% í stað 13,3% árið 1986.

Aðflutningsgjöld námu 6.648 m.kr. og hækkuðu um 474 m.kr. frá októberáætlun. Þar af hækkuðu almenn aðflutningsgjöld um 220 m.kr. og aðflutningsgjöld af bifreiðum um 210 m.kr.

Tekjur af veltusköttum, sem eru sölugjald, skattar af framleiðslu og innflutningi, orkujöfnunargjald og hagnaður ÁTVR, hækka um rúm 37% milli ára. Tekjur af sölugjaldi námu nettó 20.227 m.kr. og er það 617 m.kr. umfram októberáætlun. Á árinu var undanþágum frá söluskatti fækkað verulega og að auki tekinn upp sérstakur 10% söluskattur á ýmsar matvörur og þjónustu. Söluskattshlutföllin voru ákveðin tvö í stað eins áður, 10% og 25%. Alls var talið að þær breytingar ykju tekjur ríkissjóðs um 675 m.kr. á árinu og skýrir það hækkun á þessum hlíð umfram almennar verðbreytingar.


Skattar af launagreiðslum hækkuðu talsvert umfram almennar verðlagsbreytingar milli ára. Endurspeglar það þær miklu launahækkunir og kaupmáttaraukningu sem urðu á árinu 1987. Auk launaskatts eru ýmis tryggingagjöld talin með launasköttum.

Aðrar tekjur voru alls 7.982 m.kr. Stærstu liðir þar eru fjármunatekjur 2.647 m.kr., tekjur af sölu erlends gjaldeyris 536 m.kr., sjúkratryggingagjald 325 m.kr. og aðrir óbeinir skattar en að ofan greinir 2.923 m.kr. Aðrir liðir eru lægri.

Mynd 1

Skipting innheimtra tekna ríkissjóðs árið 1987

Tölur innan sviga sýna skiptinguna árið 1986



Í töflu 1 í töfluviðauka er sýnd frekari skipting á innheimtum tekjum ríkissjóðs 1986 og 1987. Einstakir tekjuliðir hækka mismikið milli ára. Beinir skattar, þ.e. tekjuskattur og eignarskattur að meðtöldum erfðafjárskatti, sjúkratryggingagjaldi og gjaldi í Framkvæmda sjóð aldraðra hækkuðu um 14% milli ára. Er það mun minni hækkun en launa- og verðlagsbreytingar á sama tíma, eins og þegar hefur verið minnst á. Á árinu 1987 voru beinir skattar 12,8% af heildartekjum ríkissjóðs samanborið við 14,4% 1986. Hlutfur óbeinna skatta hækkar úr 77,1% af tekjum ríkissjóðs á árinu 1986 í 81,4%. Hlutfall þetta hafði þróast í gagnstæða átt árið 1985. Aðrar tekjur reyndust 5,8% af heildartekjum ríkissjóðs á árinu 1987.

Ekki þykir ástæða til að fjalla frekar um tekjur ríkissjóðs en vísað er í yfirlit IV hér að framan, sem sýnir skiptingu innheimtra tekna ríkissjóðs á árunum 1986 og 1987 á helstu tekjustofna, töflu 1 í töfluviðauka, þar sem tekjur ríkissjóðs 1986 og 1987 eru sundurliðaðar enn frekar, og töflu 2, þar sem tekjur ríkissjóðs 1983—1987 eru sýndar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

2.2 Gjaldahlíð ríkissjóðs

Útgjöld ríkissjóðs námu alls 51.688 m.kr. á árinu 1987 samanborið við 40.111 m.kr. 1986 Hækkun milli ára nam 28,9%.

Þegar fjárlög fyrir árið 1987 voru afgreidd í desember 1986 voru útgjöld ríkissjóðs áætluð 45.872 m.kr. Niðurstöðutala ársins sýnir 5.816 m.kr. hærri upphæð. Mismunurinn skýrist einkum af þremur meginþáttum. Í fyrsta lagi eru viðbætur vegna launabreytinga umfram forsendur fjárlaga 1.860 m.kr. Í öðru lagi geymdar fjárveitingar frá fyrri árum 69 m.kr. og í þriðja lagi aukafjárveitingar 3.887 m.kr. Skipta má aukafjárveitingum 1987 í eftirfarandi flokka (m.kr.):

Aukafjárveitingar

1. Lífeyris- og sjúkratryggingar	807
2. Niðurgreiðslur	363
3. Vextir	669
4. Útflutningsbætur	155
5. Uppbætur á lífeyri	138
6. Ríkisspítalar	87
7. Annað	1.668
8. Aukafjárveitingar alls (1+ ... +7)	3.887

Aukafjárveitingar á árinu 1987 jafngiltu 1,9% af vergri landsframleiðslu samanborið við 2,2% árið 1985 og 1,7% 1986.

Talsverð hækkun varð á vaxtagreiðslum frá áætlun fjárlaga eða um 669 m.kr. Stærstur hluti þessa mismunar, 280 m.kr., eru vextir af ríkisvixlum. Í áætlun var gert ráð fyrir að afla lánsfjár með skuldabréfum til langs tíma í stað ríkisvixla, en þeir bera fyrirframgreidda vexti og eru til tiltölulega skamms tíma. Í öðru lagi urðu vaxtagreiðslur ríkissjóðs af yfirdrætti í Seðlabanka um 140 m.kr. umfram áætlun. Þá reyndust vaxtagreiðslur af erlendum lánnum vera um 160 m.kr. umfram áætlun. Aðrar vaxtagreiðslur umfram áætlun námu 89 m.kr.

Eftirfarandi yfirlit sýnir samanburð mismunandi áætlana ársins 1987 og niðurstöðutölur þess í hnotskurn (í m.kr.):

Yfirlit V

Útgjöld ríkissjóðs 1987

	Fjárlög 1987	Endurskoðuð áætlun í okt. 1987	Útkoma 1987
1. Rekstrarliðir	18.741	20.921	22.146
Laun	14.825	16.742	17.800
Önnur gjöld – sértekjur	3.916	4.179	4.346
2. Rekstrar- og neyslutilfærslur	16.800	18.354	18.303
Lífeyristryggingar	6.360	7.140	7.151
Sjúkratryggingar	4.235	4.515	4.325
Niðurgreiðslur á vöruverði	1.090	1.480	1.544
Framlag til Lánaþjóðs íslenskra námsmanna	928	928	927
Endurgreiðsla söluskatts í sjávarútvegi	700	700	700
Útflutningsuppætur	800	930	978
Framlag til Áburðarverksmiðju ríkisins	120	120	120
Framlag til Pósts og síma	110	110	90
Niðurgreiðsla á rafhitun	230	230	195
Annað	2.227	2.201	2.273
3. Vaxtagjöld	3.620	3.650	4.289
4. Viðhald	1.134	1.208	1.200
Vegagerð ríkisins	878	878	875
Annað	256	330	325
5. Fjárfesting	5.577	5.767	5.750
Stofnkostnaður	2.553	2.740	2.723
Fjármagnstilfærslur	3.024	3.027	3.027
6. Heildargjöld (1+ ... +5)	45.872	49.900	51.688

Heimild: Ríkisbókhald, fjárlaga- og hagsýslustofnun.


Útgjöld til rekstrarliða og tilfærslna lúta sveiflum í launum og verðlagi. Því eru frávik frá fjárlögum þar mikil ef verðlagsforsendur fjárlaga standast ekki. Sama á við um vaxtagjöld. Á móti kemur að áhrif verðlagsbreytinga á tekjur ríkissjóðs eru jákvæðar, þ.e. tekjurnar hækka vegna meiri veltu og hærri tekna einstaklinga og fyrirtækja. Útgjöld til viðhalds og fjárfestingar eru hins vegar oft fastákveðnar fjárhæðir sem ekki verður breytt vegna breytinga á verðlagi.

Algennt er að skipta útgjöldum ríkisins eftir hagrænu eðli eins og fram kemur í mynd 2.

Mynd 2

Skipting útgjalda ríkissjóðs árið 1987

Tölur innan sviga sýna skiptinguna árið 1986



Samneysla sýnir útgjöld ríkissjóðs vegna kaupa á vörum og þjónustu, þ.m.t. launagreiðslur. Aukin hlutdeild samneyslu í útgjöldum ríkissjóðs samanborið við árið 1986, skýrist af tilflutningi 13 sjúkrahúsa sem voru á daggjöldum 1986 en voru tekin inn á föst fjárlög 1987. Þetta skýrir einnig lækkadan hlut rekstrar- og neyslutilfærslna í útgjöldum ríkisins milli ára. Áætlað er að með þessum hætti hafi um 3.750 m.kr. flust yfir á almennan rekstur, þar af um 2.800 m.kr. vegna launagjalda.

Í töflu 3 í töfluviðauka kemur fram frekari skipting útgjalda ríkissjóðs 1986 og 1987 eftir málaflokkum. Útgjöld til félagsmála í heild hækka um 37%. Á sama tíma hækkaði vísitala framfærslukostnaðar um 18,8% þannig að útgjöld til félagsmála hækka um rúm 15% að raungildi milli ára. Útgjöld til heilbrigðismála, sem er hluti af félagsmálum, hækka mest milli ára eða um 93%. Skýrist sú mikla hækkun af tilflutningi sjúkrahúsa af daggjöldum á föst fjárlög og flokkast þau nú undir heilbrigðismál í stað velferðarmála áður. Útgjöld til atvinnumála hækka minna eða um 11% milli ára. Það þýðir raunlækkun milli ára. Sérstaka athygli vekur að útgjöld til iðnaðar- og orkumála lækka um 22% milli ára. Er það aðallega vegna niðurfellingar á verðjöfnunargjaldi á raforku sem nam 382 m.kr. árið 1986.

Sé litið á útgjöld ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (tafla 4 í töfluviðauka) kemur í ljós að hlutfallið hefur nokkurn veginn staðið í stað. Útgjöld til einstakra málaflokka breytast lítið milli ára. Hlutfall útgjalda til atvinnumála lækkar úr 5,4% af vergri landsframleiðslu 1986 í 4,6% 1987. Reyndar hefur hlutur þessa málaflokks farið sífellt minnkandi frá 1983 en þá voru útgjöld til hans 6,3% af vergri landsframleiðslu. Munar hér mest um að hlutur niðurgreiðslna á vöruverði hefur lækkað úr 1,5% af vergri landsframleiðslu 1983 í 0,7% 1987.

2.3 Lánsfjárförf ríkissjóðs

Fram hefur komið að tekjuhalli ríkissjóðs reyndist svipaður og upphaflega var gert ráð fyrir í fjárlögum fyrir árið 1987. Á miðju ári stefndi í enn meiri halla eða á bilinu 3.500—4.000 m.kr. en með víðtækum efnahagsaðgerðum nýrrar ríkisstjórnar tókst að bæta afkomu ríkissjóðs. Aðgerðir þær sem gripið var til hafa verið raktar hér að framan. Eftirfarandi yfirlit sýnir mismunandi áætlanir um afkomu ríkissjóðs á árinu 1987 samanborið við útkomu þess (m.kr.):

Yfirlit VI

Afkoma ríkissjóðs 1987

	Fjárlög 1987	Endurskoðuð áætlun í októ- ber 1987	Útkoma 1987
1. Tekjur	43.029	47.600	48.963
2. Gjöld	45.872	49.900	51.688
3. Tekjuafgangur/halli (1-2)	-2.843	-2.300	-2.725
4. Veitt lán, nettó	560	300	-99
5. Hlutfé og stofnframlög	-80	-844	-873
6. Viðskiptareikningar, nettó	-300	-723	-1.824
7. Lánsfjárförf ríkissjóðs, nettó (3+...+6)	-2.663	-3.567	-5.521
8. Afborganir af teknum lánum	-3.410	-3.410	-2.877
9. Lánsfjárförf ríkissjóðs, brúttó (7+8)	-6.073	-6.977	-8.398
10. Tekin lán, brúttó	6.150	6.800	7.678
11. Greiðsluafgangur/halli (9+10)	77	-177	-720

Heimild: Ríkissjóðskhald, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tekju- og gjaldahlið ríkissjóðs hafa verið gerð skil hér að framan og vísast til þeirrar umfjöllunar. Hér mun hins vegar athyglinni verða beint að lánahreyfingum og öðrum eignahreyfingum ríkissjóðs á árinu 1987.

Veitt lán, nettó. Við endurskoðun ríkisfjármála í október 1987 var innstreymi umfram ústreymi á veittum lánum ríkissjóðs áætlað um 300 m.kr. Útkoman sýnir hins vegar 99 m.kr. nettóústreymi á þessum reikningum eins og eftirfarandi yfirlit sýnir (m.kr.):

Yfirlit VII

Veitt lán ríkissjóðs, nettó 1987

	Fjárlög 1987	Endurskoðuð áætlun í októ- ber 1987	Útkoma 1987
1. Innheimtar afborganir	1.980	1.980	1.873
2. – Veitt ný lán	–1.420	–1.680	–1.972
3. Veitt lán, nettó (1+2)	560	300	–99

Heimild: Ríkisbókhald, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Frávikin skýrast bæði af lakari innheimtu afborgana af veittum lánnum og af meiri lánveitingum en ráðgert var í áætlunum. Af stórum lánnum sem ríkissjóður hafði milligöngu um á árinu 1987 má nefna eftirfarandi: Lánasjóður íslenskra námsmanna 800 m.kr., Rafmagnsveitur ríkisins 140 m.kr., flugstöð á Keflavíkurflugvelli 565 m.kr., Bv. Mánaberg 184 m.kr., Baldur hf. 35 m.kr., hitaveitur 70 m.kr. Þá var veitt 260 m.kr. lán til Húsnæðisstofnunar ríkisins. Er þar um að ræða endurlán ríkissjóðs til Húsnæðisstofnunar vegna kaupa lífeyrissjóðanna á spariskírteinum frá árinu 1986. Ákveðið hafði verið að halda þessu fé í ríkissjóði vegna góðrar fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs ríkisins í árslok 1986.

Hlutfjár- og stofnframlög. Í áætlunum var ráðgert að verja 80 m.kr. í þessu skyni á árinu 1987. Við endurskoðun áætlunar í október var þessi fjárhæð hækkuð um 764 m.kr. vegna hlutabréfakaupa ríkissjóðs í Útvegsbanka Íslands h.f. samkvæmt lögum lög nr. 7 1987. Niðurstöðutölur sýna nettóúttreymi um 873 m.kr. á þessum reikningi og skiptust þær þannig (m.kr.):

Útvegsbanki Íslands hf.	764
Sjóefnavinnslan hf.	32
Steinullarverksmiðjan hf.	16
Orkustofnun erlendis hf.	7
Slippstöðin hf.	4
Alþjóðabankinn og IDA	39
Iðnþróun í Portúgal, EFRA	5
Annað, nettó	6
Samtals	873

Viðskiptareikningar, nettó. Í fjárlögum fyrir árið 1987 var gert ráð fyrir 300 m.kr. úttreymi umfram innstreymi á viðskiptareikningum ríkissjóðs. Niðurstöðutölur ársins sýna hins vegar 1.824 m.kr. nettóúttreymi á þessum reikningum eða 1.524 m.kr. hærrí fjárhæð en áætlað var. Skýringar á þessum mun eru margháttadar. Þyngst vegur að á árinu stofnuðu ýmis fyrirtæki ríkisins til 530 m.kr. skulda á viðskiptareikningum. Stærstu aðilar í þeirri skuld eru Póstur og sími með 194 m.kr. og Ríkisútvarpið 188 m.kr. Þá var greitt út á árinu 1987 óhafið framlag til Húsnæðisstofnunar ríkisins frá árinu 1986 að upphæð 463 m.kr. Ennfremur var togaranum Merkúr veitt bráðabirgðafyrirgreiðsla að upphæð 184 m.kr. og stendur sú upphæð sem inneign á viðskiptareikningi.

Tekin lán, nettó. Niðurstöður ársins sýna að nýjar lántökur umfram afborganir af teknum lánnum námu 4.801 m.kr. Heildarlántökur urðu 7.678 m.kr., þar af voru teknar 1.038 m.kr. að láni hjá Seðlabanka, 4.485 m.kr. hjá ýmsum innlendum aðilum og 2.155 m.kr. erlendis. Afborganir námu alls 2.877 m.kr., þar af runnu 1.757 m.kr. til ýmissa innlendra aðila og 1.036 m.kr. til erlendra. Afborganir til Seðlabanka námu 84 m.kr. Eftirfarandi yfirlit sýnir lántökur og afborganir ríkissjóðs á árinu 1987 (m.kr.):

Yfirlit VIII

Tekin lán ríkissjóðs, nettó 1987

	Fjárlög 1987	Endurskoðuð áætlun í októ- ber 1987	Útkoma 1987
1. Lántökur utan Seðlabanka, nettó	2.740	2.526	3.847
1.1 Sala spariskírteina	1.500	1.500	2.144
1.2 Skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna	1.300	800	157
1.3 Verðbréfakaup bankakerfisins	1.650	1.316	1.216
1.4 Ríkisvixlar	—	400	934
1.5 Aðrar innlendar lántökur	—	—	34
1.6 Erlendar lántökur	1.700	1.920	2.155
1.7 – Innlausn spariskírteina	–1.000	–1.000	–805
1.8 – Afborganir af öðrum innlendum lánnum	–1.110	–1.110	–952
1.9 – Afborganir af erlendum lánnum	–1.300	–1.300	–1.036
2. Lántökur í Seðlabanka, nettó	—	864	954
2.1 Tekin ný lán	—	864	1.038
2.2 – Afborganir	—	—	–84
3. Tekin lán, nettó (1+2)	2.740	3.390	4.801

Heimild: Ríkisbókhald, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Sala spariskírteina reyndist talsvert meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Munaði þar 644 m.kr sem selt var umfram áætlun. Samtals seldust spariskírteini fyrir 2.144 m.kr. Fyrri hluta árs gekk sala spariskírteina afar treglega og stóð svo fram í ágústmánuð. Þá voru raunvextir skírteinanna hækkaðir og voru boðin ný bréf með 7,2—8,5% vöxtum umfram verðbólgu, háð lánstíma. Við þetta urðu mikil umskipti í sölu bréfanna á síðustu mánuðum ársins enda vænlegur kostur fyrir þá sem vilja ávaxta sparifé sitt. Innlausn eldri skírteina var aftur á móti lítils háttar minni en áætlanir gerðu ráð fyrir eða 805 m.kr. í stað 1.000 m.kr. Nettólaantökur með sölu spariskírteina varð því 1.339 m.kr í stað 500 m.kr. Nær þessi aukning að bæta það bil sem vantaði í skuldabréfakaupum lífeyrissjóðanna. Sala ríkisvixla gekk einnig mjög vel á árinu og seldust þeir alls fyrir 934 m.kr.

Við samannburð á útkomu og áætlun um innlenda fjáröflun þarf þó að ýmsu að hyggja. Má þar nefna að lífeyrissjóðirnir keyptu spariskírteini fyrir umtalsverðar fjárhæðir. Auk þess keyptu sömu aðilar ríkisvixla fyrir talsverðar fjárhæðir á árinu 1987. Því getur verið eðlilegra að bera saman heildarfjáröflunina milli áætlunar og útkomu. Í fjárlögum var ráðgert að afla ríkissjóði alls 4.450 m.kr. innanlands, en útkoma ársins sýnir 4.485 m.kr. lántöku.

Erlendar lántökur reyndust 2.155 m.kr. Hækkun frá endurskoðaðri áætlun frá því í október skýrist aðallega af lánnum til hitaveitna sem talin voru með lántökum sveitarfélaga og hækkaðri lántöku til flugstöðvar í Keflavík.

Lántaka í Seðlabanka var utan við áætlun fjárlaga. Lántaka þar var 1.038 m.kr. og skýrist að stærstum hluta af láni sem tekið var vegna kaupa á hlutabréfum í Útvegsbanka Íslands hf. að upphæð 764 m.kr. Það sem er umfram þá upphæð eru verðbréf sem Seðlabankinn yfirtók frá bankakerfinu og kemur því á móti fram í lægri skuldastöðu ríkissjóðs við það.

Samkvæmt upplýsingum Seðlabanka námu skuldir A-hluta ríkissjóðs við hann vegna beinna viðskipta 1.408 m.kr. í byrjun árs 1987, en voru 3.702 m.kr. í árslok. Þá námu kröfur Seðlabankans á ríkissjóð, sem hann hefur eignast með viðskiptum við þriðja aðila, 1.094 m.kr. í árslok 1987.

Fjármagnsfyrirgreiðsla Seðlabanka við A-hluta ríkissjóðs á árinu 1987 nam að jafnaði 1.900 m.kr. og er það svipuð upphæð í krónum talið og á árinu 1986.

Í töflu 8 í töfluviðauka kemur fram að lántökuheimildir ríkissjóðs námu alls 7.053 m.kr., þar af námu heimildir í lánsfjárlögum 6.150 m.kr. og aðrar heimildir 903 m.kr. Þar kemur einnig fram að innlendar lántökur reyndust 275 m.kr. hærri en skráðar heimildir. Skýrist sá mismunur af yfirtöku Seðlabanka á eldri kröfum viðskiptabanka á ríkissjóð. Erlendar lántökur ríkissjóðs reyndust 350 m.kr. hærri en skráðar heimildir. Mismunur milli lánsfjárlaga og útkomu erlendra lána ríkissjóðs nam 455 m.kr. og er til kominn vegna milligöngu ríkissjóðs um lán fyrir aðra aðila. Þessi upphæð skiptist þannig (m.kr.):

Rafmagnsveitur ríkisins	40
Egilsstaðaflugvöllur	60
Flugstöð í Keflavík	45
Hítaveitur	70
Baldur hf.	35
Bv. Mánaberg	184
Annað	21
	<hr/>
Samtals	455

Greiðsluafgangur/halli. Lokaniðurstöðutölur ársins sýna 720 m.kr. greiðsluhalla hjá ríkissjóði á árinu 1987. Greiðsluhallinn kemur fram í 1.122 m.kr. lakari stöðu á hlaupareikningum í Seðlabanka og 402 m.kr. bættri stöðu á sjóðs- og bankareikningum. Endurskoðuð áætlun í október gerði ráð fyrir að greiðsluafkoman yrði því sem næst í jafnvægi.

3. Framkvæmd lánsfjáráætlunar

Í þessum kafla er gerð sérstök grein fyrir innlendri og erlendri lánsfjáröflun og lánsfjárráðstöfun opinberra aðila, fjárfestingalánasjóða og atvinnufyrirtækja á árinu 1987. Eftirfarandi yfirlit gefur heildarmynd af lántökum þessara aðila (m.kr.):

Yfirlit IX Heildaryfirlit um innlendar og erlendar lántökur 1987

	Sala spari- skírt.	Verðbréfa- kaup bankakerfis	Verðbréfa- kaup líf. sjóða	Önnur innlend lántaka	Innlend lántaka alls	Erlend lán	Heildar- lántökur
1. Opinberir aðilar	2.144	1.216	157	2.006	5.523	3.147	8.670
Ríkissjóður, A-hluti	2.144	1.216	157	2.006 ¹⁾	5.523	2.155	7.678
Ríkisfyrirtæki í B-hluta	-	-	-	-	-	95	95
Fyrirtæki með eignar- aðild ríkissjóðs	-	-	-	-	-	423	423
Sveitarfélög	-	-	-	-	-	474	474
2. Húsbyggingarsjóðir	-	-	4.195	85	4.280	-	4.280
Byggingarsjóður ríkisins	-	-	3.705	85	3.790	-	3.790
Byggingarsj. verkamanna	-	-	490	-	490	-	490
3. Lánastofnanir	-	384	531	135	1.050	2.662	3.712
Byggðastofnun	-	-	70	91	161	629	790
Fiskveiðasjóður	-	-	-	-	-	820	820
Framkvæmdasjóður	-	384	-	-	384	13	397
Iðnlánasjóður	-	-	245	5	250	685	935
Iðnþróunarsjóður	-	-	50	39	89	453	542
Stofnlánad. landbúnaðarins	-	-	166	-	166	-	166
Útflutningslánasjóður	-	-	-	-	-	62	62
4. Atvinnufyrirtæki	-	-	-	-	-	6.542	6.542
Fjármögnunarleigur	-	-	-	-	-	2.493	2.493
Aðrir	-	-	-	-	-	4.049	4.049
Heildarlántökur (1+ ... +4)	2.144	1.600	4.883	2.226	10.853	12.351	23.204

1) Þar af hjá Seðlabanka 1.038 m.kr., ríkisvixlar 934 m.kr. og önnur innlend lántaka 34 m.kr.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Samkvæmt yfirlitinu nam lánsfjárráðstöfun þessara aðila alls 23.204 m.kr. á árinu 1987, þar af var aflað 10.853 m.kr. innan lands og 12.351 m.kr. með erlendum lántökum. Í töflum 8 og 9 í töfluviðaukanum eru sýndar lántökuheimildir ársins samanborið við raunverulegar lántökur sömu aðila. Þar kemur meðal annars fram að lántökuheimildir opinberra aðila, lánastofnana og atvinnufyrirtækja námu alls 20.068 m.kr. á árinu 1987, þar af til innlendrar lántöku 10.543 m.kr. og til erlendrar lántöku 9.525 m.kr.

Í upphaflegum lánsfjárlögum fyrir árið 1987, sem voru afgreidd frá Alþingi í desember 1986, var gert ráð fyrir heildarlántökum að fjárhæð 17.980 m.kr. Þar af var áætlað að afla 9.745 m.kr. eða 54% innan lands og 8.215 m.kr. erlendis.

Samkvæmt fyrirliggjandi áætlunum um verga landsframleiðslu á þeim tíma jafngiltu lántökuheimildirnar alls 10,2% af vergri landsframleiðslu, þar af innlendar 5,5% og erlendar 4,7%. Niðurstöður um innlendar og erlendar lántökur ársins, sem hlutföll af vergri landsframleiðslu, reyndust hins vegar eftirfarandi:

Yfirlit X

Innlendar og erlendar lántökur 1987 sem hlutföll af vergri landsframleiðslu

	Innlend lán	Erlend lán	Samtals
1. Opinberir aðilar	2,7	1,5	4,2
þ.a. A-hluti ríkissjóðs	2,7	1,0	3,7
2. Húsbyggingarsjóðir	2,1	–	2,1
3. Lánastofnanir	0,5	1,3	1,8
4. Atvinnufyrirtæki	–	3,2	3,2
þ.a. fjármögnunarleigur	–	1,2	1,2
Heildarlántökur (1+ ... +4)	5,3	6,0	11,3

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Útkoman sýnir að lántökurnar reyndust hærri sem nemur 1,1% af vergri landsframleiðslu en upphaflegar áætlanir ársins miðuðust við. Jafnframt reyndist innlend lánsfjármögnun aðeins um 47% af heildarfjármögnun og endurspeglast það í erlendum lántökum.

Hér á eftir verður fjallað um lántökur ársins 1987 og þær skoðaðar með hliðsjón af gildandi lántökuheimildum. Heimildir til lántöku á árinu 1987 eru í höfuðatriðum tvíþættar. Annars vegar eru heimildir samkvæmt lánsfjárlögum ársins, en þau hlutu afgreiðslu á Alþingi í desember 1986. Í öðru lagi eru nokkur tilvik þar sem lántökuheimildir eiga stöð í sérlögum. Tölur 8 og 9 sýna samanburð á lántökuheimildum og lántökum 1987. Auk þess sýna tölur 10–12 í töfluviðaukanum greiðsluyfirlit húsbyggingarsjóðanna og Framkvæmdasjóðs Íslands.

3.1 Lánsfjáröflun

Innlend lánsfjáröflun. Við afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir árið 1987 var ráðgert að afla alls 9.745 m.kr. innanlands fyrir ríkissjóð, húsbyggingarsjóði og lánastofnanir. Þar af var sala spariskírteina ríkissjóðs áformuð 1.500 m.kr. og kaup bankakerfis á ríkisvixlum og verðbréfum af ríkissjóði fyrir alls 1.650 m.kr. Þá voru ráðgerð skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna af ríkissjóði 1.300 m.kr., húsbyggingarsjóðum 3.765 m.kr. og ýmsum fjárfestingarlánasjóðum 740 m.kr. Við afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir árið 1987 var talið að ríflega 80% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða yrði varið til framangreindra skuldabréfakaupa.

Eftirfarandi yfirlit sýnir samanburð áætlunar ársins við útkomu einstakra þátta innlendar lánsfjáröflunar á árinu 1987 (m.kr.):

Yfirlit XI

Innlend lánsfjáröflun 1987

	Lánsfjár- áætlun 1987	Útkoma 1987
1. Ríkissjóður	4.450	5.523
Sala spariskírteina	1.500	2.144
Seðlabanki Íslands	—	1.038
Verðbréfakaup bankakerfis	1.250	1.216
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	1.300	157
Ríkisvixlar	400	934
Önnur innlend lánsfjáröflun	—	34
2. Húsbyggingarsjóðir	3.815	4.280
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	3.765	4.195
Endurlánað lífeyrissjóðafé úr ríkissjóði	—	—
Skyldusparnaður, nettó	50	85
3. Lánastofnanir	1.480	1.050
Verðbréfakaup bankakerfis	420	384
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	740	531
Önnur innlend fjáröflun	320	135
4. Innlend lánsfjáröflun (1+2+3)	9.745	10.853

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Yfirlitið sýnir að innlend lánsfjáröflun reyndist 10.853 m.kr. og er það nokkru hærra fjárhæð en að var stefnt. Sala spariskírteina og lántaka ríkissjóðs í Seðlabanka var verulega meiri en ráðgert var í fjárlögum. Verðbréfakaup lífeyrissjóða af ríkissjóði voru aftur á móti verulega minni. Þá tóku lánastofnanir mun minna að láni innanlands en þeim var heimilt og skýrist það einkum af háum raunvöxtum á innlendum lánamarkaði á árinu 1987.

Ríkissjóður: Ekki er ástæða til að ræða innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs frekar enda er henni gerð skil í kafla 2.3, þar sem fjallað er um lánsfjárþörf ríkissjóðs á árinu 1987.

Húsbyggingasjóðir: Innlend lánsfjáröflun reyndist 465 m.kr. hærra en ráðgert var og skýrist sú hækkun að mestu af auknum skuldabréfakaupum lífeyrissjóða.

Lánastofnanir: Innlend lánsfjáröflun reyndist 430 m.kr. lægri en að var stefnt í áætlun ársins. Þar af voru 36 m.kr. vegna minni verðbréfakaupa bankakerfisins, 209 m.kr. vegna minni verðbréfakaupa lífeyrissjóðanna og 185 m.kr. vegna þess að önnur innlend fjáröflun reyndist minni en áætlað var. Af lánsfjáröflun einstakra sjóða má nefna að Fiskveiðasjóður hafði heimild til innlendra lántöku að fjárhæð 475 m.kr. en tók engin lán innanlands, Bygðastofnun hafði heimild til að taka að láni 255 m.kr. en aflaði aðeins 161 m.kr. Skýrist það einkum af háum raunvöxtum innanlands. Af þeim sem tóku meira en gert var ráð fyrir má nefna að Stofnlánadeild landbúnaðarins hafði heimild upp á 40 m.kr. en tók 166 m.kr. og Iðnþróunarsjóður hafði heimild að fjárhæð 30 m.kr. en tók að láni 89 m.kr.

Erlendar lántökur til langs tíma. Erlend lán sem ráðstafað var innanlands á árinu 1987 námu alls 12.351 m.kr. Afborganir af löngum erlendum lánum námu alls 5.721 m.kr. og skiptust þær þannig: opinberir aðilar 2.491 m.kr., lánastofnanir 455 m.kr. og einkaaðilar 2.775 m.kr. Nettó erlendar lántökur þjóðarbúsins til langs tíma námu því 6.630 m.kr. en það jafngildir 3,2% af vergri landsframleiðslu ársins.

Skipta má íslenskum lántakendum á erlendum lánamörkuðum í þrjá flokka, þ.e. Seðlabanka Íslands fyrir hönd ríkissjóðs, Framkvæmdasjóð Íslands og beinar lántökur ýmissa aðila.

Seðlabanki Íslands annast lántökur fyrir hönd ríkissjóðs erlendis. Því fé sem aflast er ýmist ráðstafað til eigin þarfa ríkissjóðs eða endurlánað, einkum ríkisaðilum, í samræmi við heimildir í lánsfjárlögum eða sérlögum.

Framkvæmdasjóður Íslands hefur á undanförunum árum annast erlenda lánsfjáröflun fjárfestingarlánasjóðanna að stórum hluta og endurlánað þeim í samræmi við lánsfjáráætlun.

Beinar lántökur eiga við þá aðila sem sækja beint á erlendan lánsfjármarkað, e.t.v. fyrir milligöngu þriðja aðila eins og viðskiptabanka. Eftirfarandi yfirlit sýnir þann farveg sem erlendar lántökur runnu um til ráðstöfunar innan lands á árinu 1987 (m.kr.):

Yfirlit XII Erlendar lántökur eftir lántakendum og lánnotendum 1987

Lánnotendur	Upprunalegur lántaki			
	Ríkissjóður A-hluti	Framkvæmda- sjóður Íslands	Beinar lántökur erlendis	Erlend lánsfjár- ráðstöfun
1. Opínberir aðilar	1.936	—	992	2.928
Ríkissjóður, A-hluti	361	—	—	361
Ríkissjóður, B-hluti	1.505	—	95	1.600
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	—	—	423	423
Sveitarfélög	70	—	474	544
2. Lánastofnanir	—	1.449	1.200	2.649
Byggðastofnun	—	629	—	629
Fiskveiðisjóður	—	820	—	820
Iðnlánasjóður	—	—	685	685
Iðnþróunarsjóður	—	—	453	453
Útflutningslánasjóður	—	—	62	62
3. Atvinnufyrirtæki	219	13	6.542	6.774
Fjármögnunarleigur	—	—	2.493	2.493
Aðrir	219	13	4.049	4.281
4. Erlendar lántökur (1+2+3)	2.155	1.462¹⁾	8.734	12.351

1) Að auki fjármagnaði Framkvæmdasjóður tímabundið af eigin fé lánveitingar til ýmissa aðila vegna erlendra lána að fjárhæð 397 m.kr. sem ekki var búið að draga á fyrir árslok 1987.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Erlend lánsfjárráðstöfun ríkissjóðs nam alls 2.155 m.kr. 1987 eða um 17,5% af erlendu lánsfé sem ráðstafað var innanlands á árinu 1987. Til samanburðar má geta þess að á árinu 1986 nam þessi fjárhæð 5.004 m.kr. eða um 43,3% af erlendu lánsfé þess árs.

Innkomin erlend lán Framkvæmdasjóðs námu alls 1.462 m.kr. eða um 11,8% af erlendum lántökum á árinu 1987. Hér var einkum um að ræða fjármagn vegna milligöngu um lántökur fyrir Fiskveiðisjóð og Byggðastofnun.

Að lokum námu beinar erlendar lántökur annarra aðila 8.702 m.kr. eða um 70,7% af erlendri lánsfjárráðstöfun innanlands á árinu 1987. Hér er um að ræða eftirtalda aðila:

1. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs, alls 423 m.kr., vegna lántöku Landsvirkjunar til framkvæmda.
2. Lántökur hitaveitna að fjárhæð 470 m.kr. og sveitarfélaga eru 4 m.kr.
3. Ríkisfyrirtæki í B-hluta tóku sjálf 95 m.kr. að láni erlendis á árinu 1987, þar af Póstur og sími 90 m.kr. og Síldarverksmiðjur ríkisins 5 m.kr.
4. Fjármögnunarleigur tóku 2.493 m.kr. að láni erlendis á árinu 1987. Ekki var áætlað fyrir þessum lántökum sérstaklega í lánsfjáráætlun ársins.

Lán atvinnufyrirtækja eru mörg tekin fyrir milligöngu opinberra lánastofnanna. Í lánsfjárlögum eru þessi lán sýnd sem heimild atvinnufyrirtækja til að taka lán, en í framkvæmd eru það oft opinberir sjóðir sem annast lántökur. Þetta verður að hafa í huga þegar frávík frá heimildum eru skoðuð. Lántökur atvinnufyrirtækja og atvinnuvegasjóða reyndust um 3.400 m.kr. hærrí en upphafleg lánsfjárlög gerðu ráð fyrir, þrátt fyrir það að fyrirhugaðar lántökur til langs tíma vegna raðsmíðaskipa urðu ekki að veruleika en þær voru áætlaðar 600 m.kr. í lánsfjárlögum 1987. Þess í stað var smíðin fjármögnuð tímabundið með erlendum skammtímalánum sem ekki eru meðtalin hér.

Í eftirfarandi töflu er löngum erlendum lánum skipt eftir notendum lánanna (m.kr.):

Yfirlit XIII

Löng erlend lán

	Láns- fjárlög 1987	Aðrar lántöku- heimildir	Lántöku- heimildir alls 1987	Tekin lán 1987	Mis- munur
1. Opinberir aðilar	2.550	604	3.154	3.147	-7
2. Opinberar lánastofnanir	520	-	520	642	122
3. Atv. fyrirt. og -sjóðir	5.145	706	5.851	8.562	2.711
Fjármögnunarleigur	-	-	-	2.493	2.493
Aðrir	5.145	706	5.851	6.069	218
4. Samtals (1+2+3)	8.215	1.310	9.525	12.351	2.826

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Framangreindar tölur lýsa ráðstöfun innkominna erlendra lána á árinu 1987. Hér á eftir er gerð stutt grein fyrir ýmsum erlendum lánsamningum sem opinberir aðilar og fjárfestingarlánasjóðir áttu aðild að á árinu 1987. Að auki voru talsverðar erlendar lántökur í því augnamiði að greiða upp eldri lán með óhagstæðari kjörum sem buðust á erlendum lánamörkuðum á árinu 1987.

Ríkissjóður tók þrjú ný erlend lán á árinu. Í fyrsta lagi var um að ræða lán að fjárhæð 5.000 milljónir yena til 10 ára. Af því var þremur milljörðum yena varið til að greiða upp annað óhagstæðara lán. Í öðru lagi fór í febrúar fram skuldabréfaútboð ríkissjóðs í þýskum mörkum. Fjárhæð þess útboðs var 125 milljónir marka. Í þriðja lagi var tekið 22 milljóna dollara lán í apríl hjá Norræna fjárfestingabankanum vegna framkvæmda við flugstöðina á Keflavíkurflugvelli.

Samningar ríkissjóðs um veltílán eru nú þrír, samtals að fjárhæð 215 milljón dollara. Samningar þessir, sem ná bæði til lántökuheimilda og útgáfu skammtímaskuldabréfa, veita ríkissjóði sveigjanleika í lántökum. Þeir veita ríkissjóði aðgang að lánsfé með skömmum

fyrirvara og er lánstíminn allt frá einum mánuði og upp í tólf og er unnt að framlengja lánstímann ef þörf krefur. Þessar lántökuheimildir gegna tvíþættu hlutverki. Annars vegar eru þær baktrygging við útgáfu skammtímaskuldabréfa. Hins vegar veita þær ríkissjóði aðgang að lánsfé þegar þörf krefur og veita aukinn sveigjanleika við tímasetningu á nýjum lántökum. Tveir af þessum samningum voru endurskoðaðir á árinu 1986 þar sem vextir og annar kostnaður var lækkaður. Nú er hafin endurskoðun á þeim þriðja.

Síðla árs 1985 hóf ríkissjóður útgáfu skammtímaskuldabréfa (Euro Commercial Paper) á erlendum lánamarkaði og námu útistandandi skuldir á þessu formi 55 milljónum dollara í lok þess árs. Snemma árs 1986 var hámarksfjárhæð þessara skuldabréfa hækkuð úr 60 milljónum dollara í 100 milljónir. Á árinu 1987 var hámarksfjárhæðin hækkuð í 200 milljónir dollara. Jafnframt var samið um þann möguleika að ríkissjóður geti gefið út skuldabréf á bilinu eitt til fimm ár. Í lok ársins 1986 var skuld ríkissjóðs á þessu formi 78 milljónir dollara en hækkaði á árinu 1987 og nam að jafnaði 130—150 milljónum dollara á seinni hluta ársins. Engin áform eru uppi um að auka þessa fjárhæð. Ávöxtun skuldabréfanna er hagstæð fyrir ríkissjóð og er að jafnaði 0,05% undir millibankavöxtum í London (LIBOR).

Andvirði tekinnna lána umfram þörf fyrir ný lán var ráðstafað til að endurgreiða eldri lán, einkum veltilán. Í júní 1987 var auk þess greitt upp lán sem ríkissjóður hafði milligöngu um fyrir Framkvæmdasjóð Íslands að fjárhæð ríflega 530 m.kr. Framkvæmdasjóður óskaði eftir því að greiða lánið upp vegna þess hve óhagstætt það var fyrir sjóðinn. Lán þetta var tekið 1979 þegar sjóðurinn naut ekki þess trausts sem hann nýtur nú. Framkvæmdasjóði bauðst nú hagstæðara lán í yenum og vildi hann því losna við fyrri lán til að taka því hagstæðara. Auk þess skuldbreytti Framkvæmdasjóður erlendu láni fyrir Fiskveiðasjóð að fjárhæð rúmlega 1.100 m.kr.

Á erlendum fjármagnsmörkuðum bjóðast jafnan margs konar möguleikar á því að hagræða samsetningu skulda, m.a. með svokölluðum skulda- og vaxtaskiptum. Þessir möguleikar voru í mörgum tilvikum nýttir á árinu 1987. Lánnum í dollurum var breytt í lán í svissneskum frönkum. Þessi skuldaskipti voru liður í þeirri stefnu að lækka hlut dollara í heildarskuldum. Vextir af lánnum í svissneskum frönkum voru einnig hagstæðir þegar skuldaskiptin fóru fram. Á árinu 1987 var vöxtum af láni í þýskum mörkum breytt úr föstum vöxtum í breytilega vexti. Með skiptunum var fjölbreytni vaxtakjara aukin og tækifæri skapað til að ríkissjóður njóti góðs af hagstæðum skammtímakjörum. Dollaraskuldir með breytilegum vöxtum lækkuðu um 86 milljónir dollara á árinu 1987.

Af öðrum lánnum en erlendum lántökum ríkissjóðs á árinu 1987 má nefna erlenda lántöku Hitaveitu Akureyrar að upphæð 32 milljónir dollara. Lánstíminn er 10 ár og vextir breytilegir. Hluta af lánsfjárhæðinni var breytt í svissneska franka með föstum vöxtum. Á undanföllum árum hefur farið fram uppstokkun á skuldum Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Tekin hafa verið ný lán til að endurgreiða eldri og óhagstæðari lán. Þannig voru tvívegis tekin lán á árinu 1987 til að ná fram viðunandi samsetningu gjaldmiðla. Í annað skiptið var láni breytt úr dollurum í svissneska franka, en í hitt skiptið úr dollurum í þýsk mörk.

Póst- og símamálastofnunin tók lán að verðmæti 3,5 milljónir þýskra marka. Lánstíminn er 5 ár og vextir millibankavextir að viðbættu álagi.

Að lokum er rétt að huga að hvernig gjaldmiðlasamsetning erlendra skulda þjóðarbúsins breyttist á árinu 1987 samanborið við árið á undan:

Yfirlit XIV

Hlutfallsleg skipting erlendra lána eftir gjaldmiðlum

	Árslok 1986	Árslok 1987 ¹⁾
Bandaríkjadollar	58,6	40,3
Sterlingspund	8,5	9,2
Svissneskir frankar	0,0	7,6
Vestur-þýsk mörk	8,4	17,4
Japönsk yen	13,5	14,2
Evrópsk gjaldmiðilseining (ECU)	7,4	7,7
Hollenskar flórinur	3,3	3,4
Aðrir gjaldmiðlar	0,3	0,2
Samtals	100,0	100,0

1) Áætlun

Heimild: Seðlabanki Íslands.

3.2 Lánsfjárráðstöfun

Innlendar og erlendar lántökuheimildir opinberra aðila, lánastofnana og atvinnufyrirtækja námu alls 20.068 m.kr. á árinu 1987. Eins og fram hefur komið reyndist lánsfjárráðstöfunin nokkru hærri en heimildirnar eða sem nemur 3.136 m.kr.

Ríkissjóður, A-hluti. Ekki er ástæða til að hafa mörg orð um lánsfjárráðstöfun A-hluta ríkissjóðs, enda hefur hún þegar fengið ítarlega umfjöllun. Heimildir til lánsfjárráðstöfunar námu alls 7.053 m.kr. en hún reyndist 7.678 m.kr. eða 625 m.kr. umfram heimildir. Þar af voru 275 m.kr. innlent lánsfé og 350 m.kr. erlent lánsfé. Af lánsfjárráðstöfuninni fóru 1.505 m.kr. til B-hluta, 70 m.kr. til hitaveitna og 219 m.kr. til atvinnufyrirtækja.

Ríkissjóður, B-hluti. Lánsfjárráðstöfun B-hluta fyrirtækja og sjóða nam alls 1.600 m.kr. sem er 85 m.kr. hærri fjárhæð en heimildir sögðu til um. Lántökurnar sem fóru að stærstum hluta fram fyrir milligöngu A-hluta ríkissjóðs skiptust þannig að Lánasjóður íslenskra námsmanna fékk 800 m.kr., 140 m.kr. runnu til Rafmagnsveitna ríkisins og 565 m.kr. til flugstöðvarbyggingar á Keflavíkurflugvelli. Að lokum tóku Póstur og sími og Síldarverksmiðjur ríkisins erlend lán að fjárhæð 95 m.kr. með heimild langlánanefndar.

Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs. Lántökuheimildir þessara fyrirtækja námu alls 500 m.kr. Þessi fyrirtæki sem voru Landsvirkjun 400 m.kr. og Þróunarfélag Íslands hf. 100 m.kr. Landsvirkjun nýtti heimildina og tók 423 m.kr. erlend lán til framkvæmda en Þróunarfélagið hf. nýtti ekki sína heimild á árinu 1987.

Sveitarfélög. Innkomin erlend lán sveitarfélaga námu alls 474 m.kr. sem er 280 m.kr. lægri upphæð en gildandi lántökuheimildir. Þessar lántökur voru að stærstum hluta lántaka Hitaveitu Akureyrar, 456 m.kr., og var sú fjárhæð notuð til að greiða upp óhagstæðari erlend lán, einkum skammtímalán.

Húsbyggingarsjóðir. Heildarlántökur íbúðalánasjóðanna námu 4.280 m.kr. en lántökuheimildir voru samtals 3.815 m.kr. Af lántökunum runnu 3.790 m.kr. til Byggingarsjóðs ríkisins og 490 m.kr. til Byggingarsjóðs verkamanna. Lántökur umfram það sem ráðgert var í lánsfjáráætlun skýrast af meira ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna og þar með auknum skuldaþréfakaupum af byggingarsjóðunum. Eftirfarandi yfirlit sýnir fjármál sjóðanna í grófum dráttum á árinu 1987 en í töflum 10 og 11 í töfluviðauka eru sýnd sundurliðuð greiðsluyfirlit þeirra (m.kr.):

Yfirlit XV

Húsbyggingarsjóðir

	Byggingarsjóður ríkisins	Byggingarsjóður verkamanna
Innstreymi	5.197	1.260
Framlag ríkissjóðs	1.000	300
Framlag sveitarfélaga	–	71
Lántökur	3.947	824
Innheimtar afborganir og vextir umfram greiddar	191	–175
Sjóðsminnkun	59	147
Annað	–	93
Útstreymi	5.197	1.260
Rekstrarkostnaður, nettó	130	42
Veitt lán til Byggingarsjóðs verkamanna	334	–
Veitt lán	4.733	1.218

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

Lántökur Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1987 námu alls 3.947 m.kr. og skiptust þær þannig: Skuldabréfakaup lífeyrissjóða 3.705 m.kr., lán frá ríkissjóði 157 m.kr. og innstreymi umfram útstreymi á skyldusparnaði ungmenna nam 85 m.kr. Framlag ríkissjóðs nam 1.000 m.kr. og er það sama upphæð og gert var ráð fyrir í fjárlögum. Innheimta umfram greiðslur afborgana og vaxta með verðbótum nam 191 m.kr. Þá námu rekstrarútgjöld sjóðsins 178 m.kr. á móti 48 m.kr. tekjum. Lánveitingar námu alls 4.733 m.kr. á árinu 1987, en í töflu 10 í töfluviðauka kemur fram sundurliðun á lánveitingum sjóðsins eftir verkefnum. Sjóðurinn lánaði einnig til Byggingarsjóðs verkamanna 334 m.kr.

Byggingarsjóður verkamanna aflaði alls 824 m.kr. lánsfjár innan lands á árinu 1987, þar af 490 m.kr. með sölu skuldabréfa til lífeyrissjóða og 334 m.kr. lán frá Byggingarsjóði ríkisins. Framlag ríkissjóðs nam alls 300 m.kr. og framlag sveitarfélaga 71 m.kr. Að auki námu framlög frá kaupendum eldri íbúða 48 m.kr. Þá námu verðbætur á framkvæmdalán við uppgjör 46 m.kr. Greiðslur vaxta og afborgana af áhvílandi skuldum sjóðsins reyndust 175 m.kr. umfram innheimtu af veittum lánum. Rekstrarkostnaður o.fl. nettó var 36 m.kr. Lánveitingar sjóðsins námu alls 1.218 m.kr., þar af runnu 381 m.kr. til endursöluíbúða og 837 m.kr. til verkamannabústaða og leiguíbúða. Sjóðsstaðan versnaði um 147 m.kr.

Lánastofanir. Lánsfjárráðstöfun lánastofnana nam alls 3.712 m.kr. á árinu 1987, þar af var aflað 1.050 m.kr. innanlands og 2.662 m.kr. erlendis. Eftirfarandi yfirlit sýnir greiðslustreymi nokkurra stærða sjóðanna á árinu 1987. (í m.kr.):

**Yfirlit XVI Bráðabirgðatölur nokkurra fjárfestingarlánasjóða 1987
Greiðslugrunnur**

	Byggða- stofnun	Fiskveiða- sjóður	Framkvæmda- sjóður	Lönlána- sjóður	Iðnþróunar- sjóður	Stofnlána- deild	Útflutnings- sjóður
Innstreymi	1.605	3.149	5.333	1.755	942	1.275	227
Afb. og vextir	734	1.958	3.161	705	400	443	128
Framlag ríkissjóðs	81	186	—	115	—	22	—
Aðrar tekjur	—	49	—	—	—	282	2
Lántökur	790	820	1.846	935	542	478	62
Lífeyrissjóðir	70	—	—	245	50	166	—
Bankakerfi	—	—	384	—	—	—	—
Annað innlent	91	—	—	5	39	—	—
Lán Framkvæmdasjóðs	629	820	—	—	—	312	—
Erlend lán	—	—	1.462	685	453	—	62
Sjóðsminnkun	—	136	326	—	—	50	35
Útstreymi	1.605	3.149	5.333	1.755	942	1.275	227
Kostnaður	60	52	34	50	19	51	—
Annað, nettó	—	—	344 ¹⁾	—	—	46	—
Afb. og vextir	424	2.279	2.314	545	88	572	47
Lánveitingar	1.080	610	2.634	1.160	770	605	180
Styrkir	—	—	7	—	6	1	—
Sjóðsaukning	7	—	—	—	59	—	—
Hlutfé	34	208	—	—	—	—	—

1) Stærstur hluti þessarar fjárhæðar er vegna eignatilfærslna í tengslum við stofnun fyrirtækisins Álafoss hf.
Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Skal nú gerð stutt grein fyrir hverjum sjóði.

Byggðastofnun. Heildarlántökur sjóðsins námu 790 m.kr., þar af var aflað 161 m.kr. innan lands og 629 m.kr. erlendis. Erlend lán stofnunarinnar voru öll tekin með milligöngu Framkvæmdasjóðs Íslands, þar af voru 520 m.kr. út á heimild lánsfjárlaga og 109 m.kr. út á heimildir langlánanefndar. Lánveitingar Byggðastofnunar námu alls 1.080 m.kr. og skiptust þær í grófum dráttum þannig: Sjávarútvegur 585 m.kr., iðnaður 151 m.kr., skipasmíðar 151 m.kr., sveitarfélög 67 m.kr., og fiskeldi 46 m.kr., annað 80 m.kr. Þá námu innheimtar afborganir og vextir af veittum lánum 310 m.kr. umfram greiðslu af áhvílandi skuldum. Framlag ríkissjóðs nam 81 m.kr. á móti 60 m.kr. kostnaði af rekstri stofnunarinnar. Að lokum var 34 m.kr. varið til kaupa á hlutfé í ýmsum fyrirtækjum.

Framkvæmdasjóður Íslands. Starfsemi sjóðsins var með svipuðu sniði og á undanförmum árum. Aflað var alls 1.846 m.kr. lánsfjár á árinu 1987, þar af var aflað 384 m.kr. með sölu verðbréfa til bankakerfisins og erlendar lántökur reyndust 1.462. Erlendar lántökur Framkvæmdasjóðs voru að langstærstum hluta vegna milligöngu hans um erlendar lántökur

fyrir Byggðastofnun sem námu 629 m.kr. og 820 m.kr. fyrir Fiskveiðasjóð. Umsvif Framkvæmdasjóðs á erlendum lánamarkaði á árinu 1987 voru hins vegar mun meiri. Má þar nefna skuldbreytingu á eldra láni fyrir Fiskveiðasjóð að fjárhæð um 1.103 m.kr. sem sjóðurinn hafði milligöngu um í upphafi. Þá greiddi Framkvæmdasjóður upp erlent lán með óhagstæðum kjörum að fjárhæð 537 m.kr. sem ríkissjóður hafði milligöngu um á árinu 1979. Framkvæmdasjóður átti einnig óádregin lán erlendis í árslok 1987 að fjárhæð 397 m.kr. og fjármagnaði hann endurlánin tímabundið yfir áramótin af eigin fé.

Lánveitingar Framkvæmdasjóðs námu alls 2.634 m.kr. samanborið við aðeins 664 m.kr. í lánsfjáráætlun ársins. Mismunurinn skýrist einkum af milligöngu hans um erlendar lántökur fyrir aðra, eins og fram hefur komið. Einnig tók sjóðurinn talsvert að láni erlendis, einkum fyrir ýmis atvinnufyrirtæki, út á heimildir langlánanefndar.

Bankainnstæður Framkvæmdasjóðs í árslok 1987 námu 472 m.kr., þar af voru 323 m.kr. á innlendum reikningum í Seðlabanka Íslands, í ýmsum lánastofnunum 132 m.kr. og 17 m.kr. á gengisbundnum reikningum í Seðlabanka Íslands.

Fiskveiðasjóður Íslands. Beinar lántökur sjóðsins námu alls 820 m.kr. og voru það erlendar lántökur með milligöngu Framkvæmdasjóðs. Í lánsfjárlögum 1987 hafði Fiskveiðasjóður heimild til 620 m.kr. erlendar lántöku en með nýjum lögum um Útvegsbanka Íslands hf. fékk hann viðbótarlántökuheimild að fjárhæð 200 m.kr. til að kaupa hlutafé í bankanum. Lánveitingar sjóðsins námu alls 610 m.kr. og rekstrarkostnaður 52 m.kr. Greiðslur umfram innheimtu af lánum námu alls 221 m.kr., framlög til sjóðsins námu alls 235 m.kr., einkum vegna endurgreiðslu söluskatts í sjávarútvegi, en því fjármagni hefur verið veitt út til fyrirtækja í formi vaxtaafsláttar hjá sjóðnum. Að lokum versnaði sjóðsstaðan um 136 m.kr. á árinu 1987.

Fram hefur komið að Framkvæmdasjóður skuldbreytti óhagstæðu erlendu láni fyrir Fiskveiðasjóð á árinu að fjárhæð 1.103 m.kr. Jafnframt yfirtók Fiskveiðasjóður erlend lán vegna kaupa, viðgerða og nýsmíði á fiskiskípum að fjárhæð alls 1.193 m.kr. á árinu 1987. Þessi lán eru yfirleitt með 5–7 ára lántíma, en á móti tryggir Fiskveiðasjóður eigendunum lán til 15–17 ára.

Iðnlánasjóður. Heildarlántökur sjóðsins námu 935 m.kr. á árinu 1987, þar af var aflað 250 m.kr. innanlands og 685 m.kr. erlendis. Innlend lántaka sjóðsins var nær eingöngu hjá lífeyrissjóðum. Af erlendum lántökum Iðnlánasjóðs áttu 320 m.kr. sér stoð í lánsfjárlögum og 365 m.kr. samkvæmt heimild viðskiptaráðuneytis til erlendar lántöku í tengslum við vélakaup. Lánveitingar sjóðsins námu um 1.160 m.kr. og kostnaður af rekstri um 50 m.kr. Innheimta af veittum lánum umfram greiðslur af skuldum nam 160 m.kr. Að lokum námu ýmis framlög til sjóðsins alls 115 m.kr.

Iðnþróunarsjóður. Heildarlántökur sjóðsins námu 542 m.kr. árið 1987, þar af var aflað 89 m.kr. innan lands og 453 m.kr. erlendis. Innlend lán sjóðsins voru tekin með sölu verðbréfa til lífeyrissjóðs Landsbankans og til verðbréfamarkaðar Iðnaðarbankans. Er-lendar lántökur Iðnþróunarsjóðs fóru allar fram í Norræna fjárfestingarbankanum, þar af voru 75 m.kr. í samræmi við heimild lánsfjárlaga, 176 m.kr. með heimild auglýsingar viðskiptaráðuneytis og 202 m.kr. út á erlendar lántökuheimildir sem veittar voru af langlánanefnd. Lánveitingar sjóðsins og styrkir námu alls 776 m.kr. og kostnaður af rekstri nam 19 m.kr. Innheimtar afborganir og vextir umfram greiddar námu 312 m.kr. Þá nam sjóðsaukning 59 m.kr. á árinu 1987.

Stofnlánadeild landbúnaðarins. Heildarlántökur deildarinnar námu alls 478 m.kr. á árinu 1987. Þar af var aflað 166 m.kr. með sölu verðbréfa til Lífeyrissjóðs bænda og 312 m.kr. með láni hjá Framkvæmdasjóði. Lánveitingar og styrkir námu 606 m.kr. og rekstrarkostnaður o.fl. 97 m.kr. Greiðslur af áhvílandi skuldum deildarinnar námu 129 m.kr. umfram innheimtu af veittum lánum. Ýmsar tekjur Stofnlánadeildar námu 304 m.kr. og skiptast þær þannig: framlag ríkissjóðs 22 m.kr., framleiðendagjald 82 m.kr., neytendagjald 96 m.kr., lánaþjófnaðargjald 96 m.kr. og annað 9 m.kr. Að lokum versnaði sjóðsstaðan um 50 m.kr. á árinu.

Útflutningslánaþjófnaður. Heildarlántökur sjóðsins námu 62 m.kr. og var þeirra aflað erlendis. Lánveitingar námu 180 m.kr. og innheimta umfram greiðslur af lánum nam 81 m.kr. Að lokum var rekstrarafgangur sjóðsins tæpar 2 m.kr. og lausafjárstaðan versnaði um 35 m.kr. á árinu.

Atvinnufyrirtæki. Lánsfjáráætlun miðaði við að erlend lánsfjárráðstöfun atvinnufyrirtækja yrði 4.100 m.kr. á árinu 1987. Bráðabirgðatölur um erlenda lánsfjárráðstöfun atvinnufyrirtækja gefa hins vegar til kynna að hún hafi orðið 6.542 m.kr. Þessar lántökur skiptast þannig að fjármögnunarfyrirtæki tóku að láni erlendis 2.493 m.kr. en ekki var áætlað sérstaklega fyrir lántöku þeirra. Aðrar lántökur atvinnufyrirtækja skiptast þannig að 1.680 m.kr. runnu til skipa og flugvéla og 2.369 m.kr. til kaupa á vélum, tækjum o.fl.

Töfluviðauki

- Tafla 1. Tekjur ríkissjóðs, A-hluta, 1986 og 1987. Greiðslugrunnur.
- Tafla 2. Innheimtar tekjur ríkissjóðs, A-hluta, 1983–1987 sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu.
- Tafla 3. Útgjöld ríkissjóðs, A-hluta, 1986 og 1987. Greiðslugrunnur.
- Tafla 4. Útgjöld ríkissjóðs, A-hluta, 1983–1987, sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.
- Tafla 5. Afkoma ríkissjóðs, A-hluta, 1983–1987. Greiðslugrunnur.
- Tafla 6. Veitt og tekin lán A-hluta og Endurlána ríkissjóðs 1982–1986.
- Tafla 7. Úr efnahagsreikningi A-hluta og Endurlána ríkissjóðs 1982–1986.
- Tafla 8. Lánsfjárráðstöfun opinberra aðila 1987.
- Tafla 9. Heildaryfirlit um lántökuheimildir og lánsfjárráðstöfun opinberra aðila, fjárfestingarlánasjóða og atvinnufyrirtækja 1987. Bráðabirgðatölur.
- Tafla 10. Byggingarsjóður ríkisins 1987.
- Tafla 11. Byggingarsjóður verkamanna 1987.
- Tafla 12. Framkvæmdasjóður Íslands 1987.

Tafla 1

Tekjur ríkissjóðs, A-hluta, 1986 og 1987
Greiðslugrunnur
 Í milljónum króna

	Innheimt 1986	Innheimt 1987	Hækkun %	Fjárlög 1987
1 Beinir skattar	5.508	6.292	14	6.626
11 Tekju- og eignaskattar	5.072	5.706	13	6.061
12 Sjúkratryggingagjald	80	325	306	365
13 Erfðafjárskattur	259	121	-53	60
14 Framkvæmdasjóður aldraðra	97	140	44	140
2 Óbeinir skattar	29.468	39.855	35	33.749
211 Aðflutningsgjöld	3.386	4.193	24	3.569
212 Innflutningsgjald af bifreiðum	337	851	153	245
213 Innflutningsgjald af bensíni	1.311	1.604	22	1.450
214 Bifreiðaskattur	649	904	39	700
215 Sölu- og orkujöfnunargjald	13.837	20.227	46	17.430
216 Launaskattur	1.515	1.991	31	1.700
217 Tryggingagjöld	1.138	1.562	37	1.590
218 Hagnaður ÁTVR	2.428	3.200	32	2.650
219 Stimpilgjöld o. fl.	1.056	1.456	38	1.164
220 Vörugjald	2.024	2.480	23	2.263
221 Verðjöfnunargjald á raforku	173	-	-100	-
222 Aðrir óbeinir skattar	1.614	1.387	-14	988
3 Arðgreiðslur, vextir o. fl.	3.137	2.816	-10	2.654
4 Tekjur samtals (1+2+3)	38.113	48.963	28	43.029

Heimild: Ríkisbókhald, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 2**Innheimtar tekjur ríkissjóðs, A-hluta, 1983–1987 sem hlutfall af vergri landsframleiðslu**

	1983	1984	1985	1986	1987
Verg landsframleiðsla (m. kr.)	66.093	88.125	119.910	159.907	205 346
1 Beinir skattar	3,7	3,3	2,8	3,5	3,1
11 Tekju- og eignaskattar	3,4	3,1	2,5	3,2	2,8
12 Sjúkratryggingagjald	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2
13 Erfðafjárskattur	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
14 Framkvæmdasjóður aldraðra	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
2 Óbeinir skattar	18,4	19,2	18,9	18,5	19,4
211 Aðflutningsgjöld	2,9	3,2	2,8	2,1	2,0
212 Innflutningsgjald af bifreiðum	0,2	0,2	0,1	0,2	0,4
213 Innflutningsgjald af bensíni	0,8	0,7	0,7	0,8	0,8
214 Bifreiðaskattur	0,3	0,3	0,4	0,5	0,4
215 Sölu- og orkujöfnunargjald	8,4	8,7	9,7	9,0	9,8
216 Launaskattur	1,0	0,9	1,0	0,9	1,0
217 Tryggingagjöld	0,5	0,6	0,7	0,6	0,8
218 Hagnaður ÁTVR	1,0	1,3	1,6	1,5	1,5
219 Stimpilgjöld o. fl.	0,5	0,6	0,6	0,6	0,7
220 Vörugjald	1,8	1,5	1,4	1,3	1,2
221 Verðjöfnunargjald á raforku	0,4	0,5	0,3	0,1	0,0
222 Aðrir óbeinir skattar	0,6	0,5	0,7	0,6	0,7
3 Arðgreiðslur, vextir o. fl.	0,8	1,0	0,8	2,0	1,4
4 Tekjur sem hlutfall af VLF (1+2+3)	22,8	23,5	22,6	24,0	23,8

Heimild: Ríkisbókhald, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 3

Útgjöld ríkissjóðs, A-hluta, 1986 og 1987
Greiðslugrunnur
Í milljónum króna

	Útgjöld 1986	Útgjöld 1987	Hækkun %	Fjárlög 1987
1 Almenn mál	3.791	5.291	40	4.070
11 Almenn þjónusta og löggæsla	3.410	4.816	41	3.690
12 Utanríkisþjónusta	381	475	25	380
2 Félagsmál	23.091	31.576	37	27.949
21 Mennta-, menningar- og kirkjumál	6.432	8.572	33	7.227
22 Heilbrigðismál	4.283	8.256	93	7.077
23 Velferðarmál	12.376	14.748	19	13.645
3 Atvinnumál	8.532	9.459	11	8.400
31 Niðurgreiðslur	1.343	1.567	17	1.090
32 Landbúnaður	1.649	1.980	20	1.623
33 Sjávarútvegur	1.197	1.240	4	1.182
34 Iðnaður- og orkumál	1.359	1.058	-22	1.084
35 Samgöngur	2.984	3.614	21	3.421
4 Ýmis mál	4.697	5.362	14	5.453
41 Vextir	3.916	4.289	10	3.620
42 Annað	781	1 073	37	1 833
5 Gjöld samtals (1+...+4)	40.111	51.688	29	45.872

Heimild: Ríkisbókhald, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 4

Útgjöld ríkissjóðs, A-hluta, 1983–1987 sem hlutfall af vergri landsframleiðslu

	1983	1984	1985	1986	1987
Verg landsframleiðsla (m.kr.)	66.093	88.125	119.910	159.907	205.346
1 Almenn mál	2,6	2,2	2,5	2,4	2,6
11 Almenn þjónusta og löggæsla	2,3	1,9	2,2	2,1	2,3
12 Utanríkisþjónusta	0,3	0,3	0,3	0,3	0,3
2 Félagsmál	14,3	13,3	14,5	14,5	15,4
21 Mennta-, menningar- og kirkjumál	4,0	3,6	4,2	4,1	4,2
22 Heilbrigðismál	2,6	2,4	2,5	2,8	4,0
23 Velferðarmál	7,7	7,2	7,9	7,7	7,2
3 Atvinnumál	6,3	5,9	5,7	5,4	4,6
31 Niðurgreiðslur	1,5	0,9	0,8	0,8	0,7
32 Landbúnaður	1,0	1,0	1,1	1,0	1,0
33 Sjávarútvegur	0,4	0,5	0,8	0,7	0,6
34 Iðnaður og orkumál	1,0	1,2	0,9	0,8	0,5
35 Samgöngur	2,4	2,3	2,0	1,9	1,8
4 Ýmis mál	1,3	1,4	1,8	2,9	2,6
41 Vextir	0,8	0,8	1,3	2,5	2,1
42 Annað	0,6	0,6	0,6	0,5	0,6
5 Gjöld sem hlutfall af VLF (1+...+4)	24,5	22,8	24,6	25,2	25,2

Heimild: Ríkisbókhald, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 5

Afkoma ríkissjóðs, A-hluta, 1983–1987
Greiðslugrunnur
 Í milljónum króna

	1983	1984	1985	1986	1987
I Greiðsluafkoma:					
Jöfnuður gjalda, tekna og lána utan Seðlabanka					
Tekjur	15.100	20.747	27.110	38.235	48.963
Gjöld	-16.263	-19.964	-29.497	-40.111	-51.688
Tekjuafgangur/halli	-1.163	783	-2.387	-1.876	-2.725
Lánahreyfingar utan Seðlabanka	-97	-142	-34	-4.355	1.173
Greiðsluafkoma gagnvart bankakerfinu	-1.260	641	+2.421	2 479	-1.552
Jöfnuður greiðslufjárreikninga að meðtöldum lánareikningum við Seðlabanka					
Greiðsluhreyfing við Seðlabanka	-1.260	446	-2.478	2 271	-1.954
Sjóður og bankareikningar utan Seðlabanka	-3	19	57	-	7
Greiðsluhreyfing við bankakerfið	-1.263	465	-2.421	2.271	-1.947
Ýmsir viðskiptamenn	3	176	-	208	395
Greiðsluafkoma gagnvart bankakerfinu	-1.260	641	-2.421	2.479	-1.552
II Rekstrargrunnur:					
Tekjuafgangur/halli	-1.434	1.614	-1.871	-6.198	... ¹⁾

1) Endanlegur ríkisreikningur fyrir árið 1987 liggur ekki fyrir.

Heimild: Ríkisbókhald, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 6

Veitt og tekin lán A-hluta og Endurlána ríkissjóðs 1982—1986
Stöðutölur í m.kr. á verðlagi í lok hvers árs

	1982	1983	1984	1985	1986
1. Tekin lán	10.190	18.941	26.913	37.570	44.287
Seðlabanki Íslands	278	915	1.897	3.683	1.693
Spariskírteini	1.912	3.310	3.244	5.165	8.541
Lífeyrissjóðir	198	454	669	1.004	2.018
Aðrir innlendir aðilar	1.070	1.780	1.606	2.088	2.731
Erlend lán	6.732	12.482	19.497	25.630	29.304
2. Lánveitingar	9.909	15.149	21.414	29.839	29.713
Veitt lán	8.703	13.048	18.182	24.737	22.985
Lán tengd innlendu verðlagi	2.168	3.114	4.168	6.798	11.897
Gengisbundin lán	6.535	9.934	14.014	17.939	11.088
Viðskiptareikningar, nettóinneign	1.206	2.101	3.232	5.102	6.728
3. Tekin lán umfram lánveitingar (1–2)	281	3.792	5.499	8.574	14.574
Lánveitingar í % af teknum lánum	97,2	80,0	79,6	77,2	67,1
4. Hlutfall af VLF:¹⁾					
Tekin lán	20,9	25,1	26,2	28,2	27,3
þ.a. erlendar skuldir	13,7	17,1	18,5	19,5	18,3
Veitt lán	17,8	17,4	17,7	18,0	14,0
þ.a. gengisbundin lán	13,3	13,6	13,3	13,6	6,9
Viðskiptareikningar, nettó	2,5	2,5	3,4	3,7	4,0
Tekin lán umfram veitt lán	0,6	5,2	5,1	6,5	9,3

1) Reiknað til meðalverðlags viðkomandi árs með lánskjaravísitölu og meðalgengisvísitölu.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 7

Úr efnahagsreikningi A-hluta og Endurlána ríkissjóðs 1982—1986
Stöðutölur á verðlagi í lok hvers árs og föstu verðlagi í árslok 1986

	1982	1983	1984	1985	1986
Verðlag hvers árs:					
1. Sjóður- og bankareikningar, nettóinneign	307	376	1.165	945	443
2. Tekin lán	10.190	18.941	26.913	37.570	44.287
Seðlabanki Íslands	287	915	1.897	3.683	1.693
Spariskírteini	1.912	3.310	3.244	5.165	8.541
Lífeyrissjóðir	198	454	669	1.004	2.018
Aðrir innlendir aðilar	1.070	1.780	1.606	2.088	2.731
Erlend lán	6.732	12.482	19.497	25.630	29.304
3. Veitt lán	8.703	13.048	18.182	23.894	22.985
4. Viðskiptareikningar, nettóinneign	1.206	2.101	3.209	5.102	6.729
5. Hlutfé og stofnfjárframlög	198	321	772	908	1.136
6. Eignir umfram skuldir (1-2+3+4+5)	-224	-3.095	-3.585	-6.721	-12.994
Fast verðlag í árslok 1987:					
1. Sjóður og bankareikningar, nettóinneign	1.408	961	2.227	1.383	520
2. Tekin lán	46.743	48.443	51.450	54.989	52.008
Seðlabanki Íslands	1.275	2.340	3.627	5.391	1.988
Spariskírteini	8.771	8.465	6.202	7.560	10.030
Lífeyrissjóðir	908	1.161	1.279	1.469	2.370
Aðrir innlendir aðilar	4.908	4.552	3.070	3.056	3.207
Erlend lán	30.881	31.923	37.273	37.513	34.413
3. Veitt lán	39.022	33.371	34.759	34.972	26.992
4. Viðskiptareikningar, nettóinneign	5.532	5.373	6.135	7.468	7.900
5. Hlutfé og stofnfjárframlög	908	821	1.476	1.329	1.334
6. Eignir umfram skuldir (1-2+3+4+5)	-1.027	-7.916	-6.854	-9.837	-15.259

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 8

Lánsfjárráðstöfun opinberra aðila 1987
Milljónir króna

	Lánsfjár- lög 1987	Aðrar lántöku- heimildir	Lántöku- heimildir alls 1987	Tekin lán 1987	Mismunur
1. Ríkissjóður, A-hluti	6.150	903	7.053	7.678	625
Par af endurlánað til B-hluta	1.420	—	1.420	1.505	85
Lánasjóður íslenskra námsmanna .	800	—	800	800	—
RARÍK, almennar framkvæmdir .	100	—	100	140	40 ¹⁾
Flugstöð á Keflavíkurflugvelli	520	—	520	565	45 ²⁾
Par af endurlánað til sveitarfélaga . . .	—	70 ³⁾	70	70	—
Hitaveita Hveragerðis	—	45	45	45	—
Hitaveita Siglufjarðar	—	12	12	12	—
Hitaveita Egilsstaða og Fella	—	2	2	2	—
Hitaveita Eyrar	—	3	3	3	—
Aðrar hitaveitur	—	8	8	8	—
Par af endurlánað til atvinnufyrirtækja	—	35	35	219	184
Bv. Mánaberg	—	—	—	184	184 ⁴⁾
Baldur hf.	—	35 ⁵⁾	35	35	—
2. Ríkisfyrirtæki í B-hluta	—	95⁶⁾	95	95	—
Póstur og sími	—	90	90	90	—
Sildarverksmiðjur ríkisins	—	5	5	5	—
3. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	500	—	500	423	-77
Landsvirkjun	400	—	400	423	23 ²⁾
Próunarfélag Íslands hf.	100	—	100	—	-100 ⁸⁾
4. Sveitarfélög	350	404	754	474	-280
Hitaveita Hveragerðis	45	-45	—	—	—
Hitaveita Siglufjarðar	12	-12	—	—	—
Hitaveita Akureyrar	—	456 ⁹⁾	456	456	—
Hitaveita Egilsstaða og Fella	9	-2	7	—	-7 ⁸⁾
Hitaveita Eyrar	3	-3	—	—	—
Hitaveita Akraness og	—	—	—	—	—
Borgarfjarðar	—	14	14	14	—
Aðrar hitaveitur	281	-8	273	—	-273 ⁸⁾
Annað	—	4	4	4	—
5. Ráðstöfun (1+2+3+4) = Fjáröflun	7.000	1.402	8.402	8.670	268
(6+7)					
6. Innlend lánsfjáröflun	4.450	798	5.248	5.523	275
Útgáfa spariskírteina	1.500	—	1.500	2.144	644
Verðbréfa kaup lífeyrissjóða	1.300	—	1.300	157	-1.143
Verðbréfa kaup bankakerfis	1.650	—	1.650	1.216	-434
Seðlabanki Íslands	—	764 ¹⁰⁾	764	1.038	274 ¹¹⁾
Ríkisvixlar	—	—	—	934	934
Önnur lánsfjáröflun	—	34 ¹²⁾	34	34	—
7. Erlendar lántökur	2.550	604	3.154	3.147	-7
Ríkissjóður, A- hluti	1.700	105 ¹³⁾	1.805	2.155	350 ¹⁴⁾
Ríkisfyrirtæki í B-hluta	—	95 ⁶⁾	95	95	—
Fyrirtæki með eignaraðild ríkis- sjóðs	500	—	500	423	-77 ⁸⁾
Sveitarfélög	350	404	754	474	-280

- 1) Lántaka vegna þvingaðrar gjaldskrár RARIK í ársbyrjun 1987. Heimild er í lánsfjárlögum 1988.
- 2) Lántaka vegna kostnaðar við skuldbreytingu á lánum flugstöðvarinnar í langtímalán.
- 3) Heimildir fluttar af sveitarfélögum vegna milligöngu ríkissjóðs um erlendar lántökur fyrir hitaveitur.
- 4) Erlent bráðabirgðalán sem tekið var vegna breytinga á Bv. Mánabergi (áður togarinn Merkúr). Heimild til að taka erlent langtímalán vegna þessa er í lánsfjárlögum 1988.
- 5) Heimilid flutt af atvinnufyrirtækjum vegna milligöngu ríkissjóðs um lántökuna.
- 6) Heimildir langlánanefndar.
- 7) Mismunur orsakast af gengismun.
- 8) Heimild ekki nýtt að fullu á árinu 1987.
- 9) Heimild vegna skuldbreytinga veitunnar er í lánsfjárlögum 1988.
- 10) Heimild samkvæmt lögum nr. 7/1987 um Útvegsbanka Íslands.
- 11) Yfirtaka Seðlabanka á kröfum bankakerfis á ríkissjóð.
- 12) Heimildir samkvæmt 6. gr. fjárlaga.
- 13) Heimildir vegna milligöngu ríkissjóðs um erlendar lántökur fyrir ýmsar hitaveitur og Baldur hf.
- 14) Mismunur skýrist af erlendum lántökum fyrir aðra aðila sem heimildar er aflað í lánsfjárlögum, t.d. Bv. Mánaberg og RARIK.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 9

**Heildaryfirlit um lántökuheimildir og lánsfjárráðstöfun opinberra aðila,
fjárfestingarlánasjóða og atvinnufyrirtækja 1987
Bráðabirgðatölur
Í milljónum króna**

	Lánsfjárlög 1987	Aðrar lántöku- heimildir	Lántöku- heimildir alls 1987	Tekin lán 1987	Mismunur
INNLEND FJÁRÖFLUN (1+...+4)	9.745	798	10.543	10.853	310
1. Sala spariskirteina ríkissjóðs	1.500	—	1.500	2.144	644
2. Verðbréfa kaup lífeyrissjóða	5.805	—	5.805	4.883	-922
af ríkissjóði	1.300	—	1.300	157	-1.143
af Byggingarsjóði ríkisins	3.275	—	3.275	3.705	430
af Byggingarsjóði verkamanna	490	—	490	490	—
af Fiskveiðasjóði	265	—	265	—	-265
af Byggðastofnun	255	—	255	70	-185
af Iðnlánasjóði	140	—	140	245	105
af Iðnþróunarsjóði	30	—	30	50	20
af Útflutningslánasjóði	10	—	10	—	-10
af Stofnlánadeild landbúnaðarins	40	—	40	166	126
3. Verðbréfa kaup	1.670	—	1.670	1.600	-70
af ríkissjóði	1.250	—	1.250	1.216	-34
af Framkvæmdasjóði Íslands	420	—	420	384	-36
4. Önnur innlend lánsfjáröflun	770	798	1.568	2.226	658
Ríkissjóður, sala ríkisvixla	400	—	400	934	534
Ríkissjóður, lántaka hjá Seðlabanka Íslands	—	764	764	1.038	274
Ríkissjóður vegna húsakaupa o. fl.	—	34	34	34	—
Byggingarsjóður ríkisins, skyldusparnaður nettó	50	—	50	85	35
Byggðastofnun	—	—	—	91	91
Fiskveiðasjóður	210	—	210	—	-210
Iðnlánasjóður	110	—	110	5	-105
Iðnþróunarsjóður	—	—	—	39	39
ERLENDAR LÁNTÖKUR (5+6+7)	8.215	1.310	9.525	12.351	2.826
5. Opinberir aðilar	2.550	604	3.154	3.147	-7
Ríkissjóður A-hluti	1.700	105	1.805	2.155	350
Ríkisfyrirtæki í B-hluta	—	95	95	95	—
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	500	—	500	423	-77
Sveitarfélög	350	404	754	474	-280
6. Lánastofnanir	1.565	741	2.306	2.662	356
Framkvæmdasjóður Íslands	—	—	—	13	13 ¹⁾
Byggðastofnun	520	—	520	629 ²⁾	109 ¹⁾
Fiskveiðasjóður	620	200 ³⁾	820	820 ³⁾	—
Iðnlánasjóður	320	365 ⁴⁾	685	685	—
Iðnþróunarsjóður	75	176 ⁴⁾	251	453	202 ¹⁾
Útflutningslánasjóður	30	—	30	62	32
7. Atvinnufyrirtæki	4.100	-35	4.065	6.542	2.477
Fjármögnunarfyrirtæki	—	—	—	2.493	2.493 ⁵⁾
Aðrir	4.100	-35 ⁶⁾	4.065	4.049	-16
HEILDARLÁNSFJÁRRÁÐSTÖFUN (1+...+7)	17.960	2.108	20.068	23.204	3.136

- 1) Heimild langláanefndar.
- 2) Framkvæmdasjóður Íslands hafði milligöngu um erlendar lántökur Bygðastofnunar og Fiskveiðasjóðs á árinu 1987 að fjárhæð alls 1.449 m.kr.
- 3) Heimild til erlendra lántöku samkvæmt lögum nr. 7/1987 um Útvegsbanka Íslands hf.
- 4) Heimildir til lántöku samanber auglýsingu viðskiptaráðuneytis um erlendar lántökur til vélakaupa.
- 5) Ekki var áætlað sérstaklega fyrir erlendum lántökum fjármögnunarleiga í lánsfjárlögum 1987.
- 6) Heimild flutt í ríkissjóð vegna milligöngu hans um erlenda lántöku vegna Baldurs hf.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 10

Byggingarsjóður ríkisins 1987
Í milljónum króna

	Lánsfjár- áætlun 1987	Endurskoðuð áætlun 1987	Útkoma 1987
Innstreymi	5.432	6.700	6.735
Ríkissjóður	1.000	1.000	1.000
Lán frá ríkissjóði	—	—	157
Lífeyrissjóðir	3.275	4.100	3.705
Skyldusparnaður, nettó	50	50	85
Afborganir, vextir, verðbætur	1.070	1.200	1.681
Tekjur tæknideildar	15	15	38
Sjóðsminnkun	—	300	59
Annað	22	35	10
Útstreymi	5.432	6.700	6.735
Rekstrarkostnaður o. fl.	120	150	178
Afborganir, vextir, verðbætur	1.430	1.370	1.490
Sjóðsaukning vegna skuldbreytinga lífeyrissjóðanna	—	675	—
Lán til Byggingasjóðs verkamanna	—	—	159
Bráðabirgðalán til Byggingasjóðs verkamanna	—	—	175
Veitt lán	3.882	4.505	4.733
Nýbyggingar	1.691
Eldri íbúðir	2.418
Leigusbúðir, heimili f. aldraða, dagvistarstofnanir	162
Orkusparandi breytingar	21
Viðbyggingar og endurbætur	75
Lán vegna greiðsluferfiðleika	155
Til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis	11
Framkvæmdalán (söluíbúðir)	192
Einstaklingar með sérþarfir	8

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 11

Byggingarsjóður verkamanna 1987
 Í milljónum króna

	Lánsfjár- áætlun 1987	Endurskoðuð áætlun 1987	Útkoma 1987
Innstreymi	1.500	1.480	1.576
Ríkissjóður	300	300	300
Framlag sveitarfélaga	140	95	71
Lífeyrissjóðir	490	490	490
Afborganir, vextir, verðbætur	145	145	141
Kaupendur eldri íbúða	55	60	47
Lán frá Byggingarsjóði ríkisins	—	—	159
Bráðabirgðalán frá Byggingarsjóði ríkisins ...	—	—	175
Sjóðsminnkun	180	155	147
Verðbætur á framkvæmdalán við uppgjör	60	70	46
Byggingarsj. ríkisins v/endursöluíbúða	130	165	—
Útstreymi	1.500	1.480	1.576
Rekstrarkostnaður o. fl.	25	25	36
Afborganir, vextir, verðbætur	300	280	316
Annað	—	—	6
Veitt lán	1.175	1.175	1.218
Verkmannabústaðir og leigubúðir	837
Endursöluíbúðir	381

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Húsnæðisstofnun ríkisins.

Tafla 12

Framkvæmdasjóður Íslands 1987
Í milljónum króna

	Lánsfjár- áætlun 1987	Útkoma 1987
Fjáröflun	664	2.634
Eigið ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs	100	788 ¹⁾
Lán frá innlendum bönkum	400	384
Lán frá lífeyrissjóðum	—	—
Önnur innlend fjáröflun	64	—
Erlend lán	100	1.462 ²⁾
Ráðstöfun	664	2.634
Veitt lán	664	2.634
Stofnlánadeild landbúnaðarins	300	312
Iðnlánasjóður	—	—
Lánasjóður sveitarfélaga	20	—
Ferðamálasjóður	100	140
Verslunarlánasjóður	20	20
Stofnlánadeild samvinnufélaga	20	20
Landflutningasjóður	10	13
Lán til bætts aðbúnaðar á vinnustöðum	14	—
Fiskeldi	180	353
Byggðastofnun	—	629
Fiskveidasjóður	—	820
Fiskimálasjóður	—	1
Hafnabótasjóður	—	24
Ýmsar lánveitingar	—	302

1) Framkvæmdasjóður fjármagnaði tímabundið af eigin fé lánveitingar til ýmissa aðila vegna erlendra lána að fjárhæð 397 m.kr. sem ekki var búið að draga á fyrir árslok 1987.

Heimild: Framkvæmdasjóður Íslands, fjárlaga- og hagsýslustofnun.